



Skagafjörður

Aðalskrifstofa sveitarfélagsins Faxatorgi 1 • 550 Sauðárkróki • S: 455 3000 • F: 455 3029 • Netf: krokur@skagafjordur.is • Kt: 550698-2349 • Vsknr: 60077

Alþingi
Erindi nr. Þ 227, 1875
komudagur 12.4.2002

Sauðárkróki 10. apríl 2002.

Umhverfisnefnd Alþingis
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík.

Á fundi Byggðarráðs Skagafjarðar þann 3. apríl s.l. var lagt fram bréf Umhverfisnefndar Alþingis dags. 19. mars 2002, þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur, 520. mál, gjaldtökuheimildir og náttúrustofur. Einnig var lögð fram umsögn stjórnar Náttúrustofu Norðurlands vestra um frumvarpið.

Byggðarráð tekur undir athugasemdir stjórnar Náttúrustofu Norðurlands vestra. Það er skoðun byggðarráðs að náttúrustofur eigi að vera reknar af ríkinu og vill benda á að aðeins tvö sveitarfélög á Norðurlandi vestra standa straum af rekstri Náttúrustofu Norðurlands vestra ásamt ríkinu.

Afgreiðsla þessi var síðan staðfest af Sveitarstjórn Skagafjarðar á fundi þann 9. apríl 2002.

Þessu er hér með komið á framfæri.

Virðingarfyllst,

Elsa Jónsdóttir
skrifstofustjóri

Meðf.: Umsögn Náttúrustofu Norðurlands vestra.



Sauðárkrókur 20. mars 2002

Umhverfisnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
Ísland

Efni: Frumvarp til laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur

Náttúrustofa Norðurlands vestra hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingar á lögum um Náttúrufræðistofnun og náttúrustofur, nr. 60/1992. Eftirfarandi umsögn er byggð á samþykkt stjórnarfundar sem haldi var 6. mars síðastliðinn.

Eins og kemur fram hér á eftir þá teljum við alls ekki tímabært að fara út í þær breytingar sem stungið er upp á í þessu frumvarpi. Við teljum að margt af því sem kemur fram í frumvarpinu sé mjög vanhugsað og komi til með að skaða stofurnar í framtíðinni en ekki til að styrkja þær eins og markmið laganna er. Við viljum benda á að ekki var leitað álits Sveitarfélagsins Skagafjarðar og Akrahrepps á þessu frumvarpi, en benda má á að þeir eru einu aðilarnir á Norðurlandi vestra sem koma að rekstri Náttúrustofu Norðurlands vestra.

Við viljum koma á framfæri að sú grunnstarfsemi sem fer fram á Náttúrustofum á landsvísu á að vera í formi rannsókna og skráningu á grunnupplýsingum á náttúru Íslands og markvissri fræðslu til almennings. Með því er hægt að efla meðvitund almennings á nánasta umhverfi okkar og það er einfaldlega öflugasta náttúruverndunarstefna sem til er. Staðreyndin er sú að slík fræðsla sem veitt er á höfuðborgarsvæðinu skilar sér ekki sem skyldi út á landsbyggðina. Við höfum orðið varir við mikinn áhuga almennings og menntakerfisins á Norðurlandi vestra á starfsemi NNV og skynjum þá þörf sem er á slíkri starfsemi úti á landsbyggðinni. Að okkar áliti þá grunnstarfsemi náttúrustofa að vera algerlega á höndum ríkisins, en ekki sveitarfélaganna og náttúrustofur eiga að vera hlekkur í keðju þekkingaröflunar ríkisins um Íslenska náttúru.



Beinar athugasemdir við frumvarpið

1. gr.

Ekki eru gerðar neinar athugasemdir við 1.gr. frumvarpsins þar sem sú grein kemur ekki beint við starfsemi stofunnar, en undrun sætir að Náttúrustofum skuli ekki vera heimilt að veita viðtöku fjárframlögum, vísindastyrkjum, vísindalegum eintökum, náttúrugripum og sambærilegum gjöfum frá einstaklingum eða öðrum.

2. gr.

Við fögnum að gerður verði samningur um rekstur hvernar stofu fyrir sig, en teljum ekki ráðlegt að fjölga stofunum. Heldur væri mun æskilegra að stækka starfsvæði þeirra, þar sem það á við og efla þannig viðkomandi stofur. Hafa sí í huga að hver stofa þarf að hafa ákveðna veltu svo að hún getir sinnt starfi sír á eðlilegan hátt og í dag er það fjármagn ekki tryggt. Við teldum eðlilegra að stofurnar setji upp útibú eða starfsstöðvar í þeim landshlutum sem vöntun er á starfsemi þeirra. Við það væri hægt að nýta fjármagn sem ella færi í yfirbyggingu stofanna til nytsamlegri hluta.

Ljóst er að skilgreina þarf starfsvæði hvernar stofu, en NNV telur alls ekki tímabært að hrufla við þeirri skiptingu sem fyrir enda gæti það haft með sér ófyrirsjáanlegar afleiðingar til hins verra fyrir náttúrustofurnar. NNV vildi frekar fylgja þeim texta sem stóð fyrir í þessari grein: Starfsemi náttúrustofa getur verið á fleiri en einum stað í kjördæmi eftir skipulagi sem rekstraraðilar koma sér saman um. Heimilt er kjördæmum að sameinast um eina náttúrustofu. Samvinnu Náttúrufræðistofnunar Íslands og Náttúrustofa þarf að skilgreina m betur en ljóst er að ef Náttúrufræðistofnun Íslands hefur engar lagalegar skyldur til að dreifa lögbundnum verkefnum til Náttúrustofa þá liggur það í augum up að slíkt verður ekki gert.

3. gr.

Við teljum óæskilegt að ríkið afsali sér allri ábyrgð á rekstri stofanna og verði einungis stuðningsaðili og sjáum við engin rök fyrir slíkri aðgerð. Við teljum brýnt að ríkið sé beinn rekstraraðili að stofunum og tryggi þeim nægileg lög-



bundin verkefni í framtíðinni sem eru á vegum þess. Þetta mætti til dæmis hugsa sér með sameiningu Náttúrustofa og Náttúrufræðistofnunar Íslands, með þeim hætti að stofnarnar yrðu sjálfstæðar stofur eða setur Náttúrufræðistofnunar Íslands, bæði hvað varðar fjármagn og verkefnaval, sbr. 2.gr. laga um Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur frá 1992.

Hvað framlag ríkisjóðs varðar sem stungið er upp á í þessu frumvarpi þá er rekstraraðilum náttúrustofanna ljóst að það þarf að skilgreina mun betur þær upphæðir sem talað er um. Mikil óvissa er í þessu frumvarpi um hvaða upphæðir er að ræða og vekur það furðu okkar að svo slæleg vinnubrögð skuli vera viðhöfð. Eins og staðan hefur verið frá 1997 hefur framlag ríkisins til launa forstöðumanna verið allt og lágt og ekki í neinu samhengi við gildandi kjarasamninga. Til þess að rekstur sofa að þessu tagi hafa framlög sveitarfélaga eins og í Skagafirði verið rúm 80% af framlagi ríkisins (5,2 frá ríki og 4,5 frá sveitarfélagi). Ef lesa má úr þeim tölum, sem settar eru fram í þessu frumvarpi, með mest hugsanlegri bjartsýni þ.e. tvöföldun á framlagi ríkisins þá mun fjárstaða NNV ekki batna mikið. Það væri ekki úr vegi að nefndarmenn sem settu saman þetta frumvarp kynntu sér hver raunverulegur kostnaður á sérfræðing er á öðrum ríkisstofnunum á ársgrundvelli.

Við teljum þessa grein mjög vanhugsaða og algerlega óásættanlega.

4.gr.

Ekki getum við annað en fagnað auknum verkefnum sem lögbundin eru til stofanna, en bendum á að ekkert af þessum verkefnum sem stungið er hér upp á fylgir aukið fast fjármagn. Við viljum einnig benda á að ef stofnunum er ætlað ráðgjafahlutverk á nánasta umhverfi stofanna þurfa stofnarnar að vinna markvisst að rannsóknum á sínu nánasta umhverfi. Ekkert fé hefur verið lagt í slíkar rannsóknir og þekkingaröflun. Til þess að stofnarnar hafi nægilega þekkingu til að geta framkvæmt þetta ráðgjafahlutverk þarf að leggja stofnunum til aukið fast fjármagn til grunnrekstur. Ljóst er að hver stofa þarf alla vega 3-4 starfsmenn á sínum snærum til að standa undir þeim kröfum sem slíkt ráðgjafahlutverk krefst og vinnu að nauðsynlegum rannsóknum samfara því.

Við teljum eðlilegt sé að senda árskýrslu til ráðherra.



5.gr.

Núverandi fyrirkomulag á stjórn stofunnar hefur gengið vel fyrir sig hér í Skagafirði og við teljum alls ekki tímabært að ríkið afsali sér ábyrgð á rekstri stofanna. Benda má á að NNV hefur einungis starfað frá febrúar 2000 og ljóst er að hún er enn að sanna sig fyrir þeim aðilum sem að rekstri hennar koma. Við teljum að ef formaður stjórnar sé ekki skipaður af ráðherra komi það til með að torvelða það verk til mikilla muna að fá fleiri sveitarfélög inn í rekstur stofanna og ýta undir hrepparíg.

6.gr.

Ekki eru neinar athugasemdir við þessa grein.

7.gr.

Við bendum á og teljum ekki tímabært að ríkið afsali sér ábyrgð á rekstri stofanna.

8.gr.

Við teljum þau ekki tímabær.

Niðurlag

Með frumvarpinu fylgja athugasemdir við lagafrumvarpinu. Við teljum margt athugasvert í þeim plöggum og yrði allt of langt mál að fjalla um þau öll hér. Við viljum þó benda á að öll framkvæmd þessa máls hefur verið illa undirbúin og mikill flumbrugangur einkennt störf þeirrar nefndar sem unnið hefur drögin að þessu frumvarpi. Lítið eða ekkert samráð hefur verið haft við þá aðila sem koma að rekstri stofanna og lítið tillit tekið til athugasemda þeirra sem fram hafa komið. Við teljum þetta frumvarp alls ekki vera stofunum til framdráttar og hörmum að það hafi verið lagt fram.

Við viljum sér í lagi benda á fylgiskjal frá fjármálaráðuneytinu en þar kemur fram að ríkið láti ekki meiri fé til náttúrustofa en gert er í dag.



NÁTTÚRUSTOFA Norðurlands vestra

Við teljum algerlega óásættanlegt að ríkið skuli ekki ætla sér að útdeila auknum verkefnum til náttúrustofanna og efla þar með starfsemi þeirra og efna þar með loforð sitt um að færa aukin verkefni út til landsbyggðarinnar.

Hafa þarf í huga að ef stofurnar eiga að geta keppt við frambærilegt vinnuafli á höfuðborgarsvæðinu þurfa þær að geta boðið upp á spennandi og fjölbreytt vinnuumhverfi og ekki síst fasta vinnu.

Við viljum líka benda á að í frumvarpinu er ekki tekið neitt á stofnkostnaði stofanna og er það slæmt þar sem stofurnar eru mjög mislangt komnar við að byggja upp nauðsynlegan tækjakost.

Það vekur furðu okkar og viljum við benda ykkur á að ekki var leitaða álits Sveitarfélagsins Skagafjarðar eða Akrahrepps á þessu frumvarpi sem standa jú straum að rekstri Náttúrustofu Norðurlands vestra.

Virðingarfyllst

Pétur Pétursson,
formaður stjórnar Náttúrustofu Nv

Þorsteinn Sæmundsson,
forstöðumaður Náttúrustofu Nv